

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 116/2010

2011/EES/29/23

frá 9. febrúar 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar lista yfir næringarfullyrðingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 kemur fram að næringarfullyrðingar er varða matvæli skuli aðeins leyfðar ef þær eru tilgreindar í viðaukanum við reglugerðina og þar eru einnig sett fram skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að breytingar á viðaukanum skuli samþykktar, eftir því sem við á, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 3) Áður en reglugerð (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt fór framkvæmdastjórnin fram á álit Matvælaöryggisstofnunarinnar um næringarfullyrðingar að því er varðar ómega-3-fítusýrur, einómettaða fitu, fjölómettaða fitu og ómettaða fitu og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu, sem var samþykkt 6. júlí 2005 ⁽²⁾, að ómega-3-fítusýrur, einómettuð fita, fjölómettuð fita og ómettuð fita séu veigamikill þáttur í fæðinu. Neysla á sumum tegundum ómettaðrar fitu, t.d. á ómega-3-fítusýrum, er stundum minni en ráðlagt er. Næringarfullyrðingar, þar sem matvæli eru sögð vera gjafi þessara næringarefna eða rík af þessum næringarefnum, gætu því stuðlað að því að val neytenda verði heilsusamlegra. Þess

næringarfullyrðingar voru þó ekki á listanum sem tekinn var saman í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006, eins og Evrópuþingið og ráðið samþykkti hana, þar eð þá hafði ekki reynst unnt að skilgreina nákvæmlega skilyrðin fyrir notkun þeirra.

- 5) Þessi skilyrði fyrir notkun hafa nú verið skýrð, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar um viðmiðunargildi á merkimiðum fyrir inntöku á ómega-3- og ómega-6-fítusýrum, sem voru samþykkt 30. júní 2009 ⁽³⁾, og því er ráðlegt að færa viðkomandi fullyrðingar á listann.
- 6) Að því er varðar fullyrðingarnar „ómega-3-fítusýrugjafi“ og „inniheldur mikið af ómega-3-fítusýrum“ skal í skilyrðunum fyrir notkun gera greinarmun á tveimur tegundum ómega-3-fítusýrna sem hafa mismunandi lífeðlisfræðilegt hlutverk og ráðlögð neysla á þeim er mismunandi. Enn fremur skal í þessum skilyrðum fyrir notkun fastsetja lágmarksmagn, sem krafist er í hverjum 100 g af vöru og fyrir hverjar 100 kkal, til þess að tryggja að einungis matvæli sem veita marktækt magn af ómega-3-fítusýrum við neyslu megi bera þessar fullyrðingar.
- 7) Að því er varðar fullyrðingarnar „inniheldur mikið af einómettaðri fitu“, „inniheldur mikið af fjölómettaðri fitu“ og „inniheldur mikið af ómettaðri fitu“ skal í skilyrðunum fyrir notkun gera kröfu um lágmarksinnihald ómettaðrar fitu í matvælunum og þar af leiðandi tryggja að fullyrtað magn svari ávallt til marktæks magns sem fæst við neyslu á rétt samsettri fæðu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls.16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 253, bls. 1–29.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1176, bls. 1–11.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006:

„ÓMEGA-3-FITUSÝRUGJAFI

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli séu ómega-3-fitusýrugjafar, og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef varan inniheldur a.m.k. 0,3 g af α -linólensýru í 100 g og fyrir hverjar 100 kkal eða ef samanlagt magn eikósapentensýru og dókósaheksensýru er a.m.k. 40 mg í 100 g og fyrir hverjar 100 kkal.

INNIHELDUR MIKIÐ AF ÓMEGA-3-FITUSÝRUM

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli innihaldi mikið af ómega-3-fitusýrum, og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef varan inniheldur a.m.k. 0,6 g af α -linólensýru í 100 g og fyrir hverjar 100 kkal eða ef samanlagt magn eikósapentensýru og dókósaheksensýru er a.m.k. 80 mg í 100 g og fyrir hverjar 100 kkal.

INNIHELDUR MIKIÐ AF EINÓMETTAÐRI FITU

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli innihaldi mikið af einómettaðri fitu, og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef a.m.k. 45% af fitusýrunum í vörinni eru úr einómettaðri fitu og ef meira en 20% af orkuinnihaldi vörunnar eru úr einómettaðri fitu.

INNIHELDUR MIKIÐ AF FJÖLÓMETTAÐRI FITU

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli innihaldi mikið af fjölómettaðri fitu, og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef a.m.k. 45% af fitusýrunum í vörinni eru úr fjölómettaðri fitu og ef meira en 20% af orkuinnihaldi vörunnar eru úr fjölómettaðri fitu.

INNIHELDUR MIKIÐ AF ÓMETTAÐRI FITU

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli innihaldi mikið af ómettaðri fitu, og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef a.m.k. 70% af fitusýrunum í vörinni eru úr ómettaðri fitu og ef meira en 20% af orkuinnihaldi vörunnar eru úr ómettaðri fitu.“
